

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 2. gr.
 - a. Síðari málsl. 1. málsg. og 2. málsg.: „Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942. — Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.“ — falli burt.
 - b. a-liður falli burt (Eimskipafélag Íslands h/f) og breytast stafliðir samkv. því.
 - c. Í stað „30%“ komi: 40%.
 - d. Síðustu tvær málsg. greinarinnar orðist svo:

Eignaraukaskattur af eignaraukningu hjá samvinnufélögum, útgerðarfélögum og einstaklingum, sem hafa sjávarútgerð að aðalatvinnu, og sem ekki stafar af eignaraukningu sjóða þeirra, er um getur í a- og b-lið þessarar gr., skal vera 5% af eignaraukningu, sem er yfir 100 þús. krónur.
2. Við 3. gr. Orðin „Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0).“ — falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Við mat eigna í lokaeign skal meta fasteignir allar með fjórföldu verði, skip á váttryggingarverði, vörubirgðir með kostnaðarverði og aðrar eignir með söluverði ÷ 30%.

Skattstjórar og skattanefndir meta eignirnar, en skjóta má mati þeirra til yfirnefnda eftir sömu reglum og gilda um almennar skattakætur (sbr. lög um tekju- og eignarskatt).
4. Við 5., 6. og 7. gr. Greinarinnar falli niður, og breytist greinatala samkv. því.
5. Við 9. gr. Á eftir orðunum „til einstakra manna“ bætist: á árinu 1947.
6. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Skattstjórar og skattanefndir skulu hver í sínu undæmi gera upp lokaeign skattþegna, en framtalsnefnd sú, er skipuð er samkvæmt lögum nr. 67/1947, skal bera saman byrjunareign og lokaeign, endurskoða eignamat skattanefnda og reikna út eignaraukaskattinn og tilkynna hann skattainnheimtumanni og skattþola fyrir 1. júlí 1948.

Ráðherra setur með reglugerð o. s. frv.
7. Þriðji kafli byrji með nýrri grein, er orðist svo:

Á árinu 1948 er öllum bannað að hækka grunnkaup frá því, sem það var í des. 1947.
8. Við 15. gr. Í stað orðanna „10% húsaleigu í húsum“ komi: 20% húsaleigu í húsum.
9. Fyrirsögn IV. kafla verði:

Um verðuppbætur á útflutningsvörur.
10. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður verðbætir útfluttar sjávarvörur, sem aflað er á árinu 1948, eftir lögum þessum, svo að útvegsmenn geti greitt 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.
11. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður verðbætir hraðfrystan fisk til hraðfrystihúsanna, seljist hann ekki á 1.35 lbs. fob. Samsvarandi verðbætur greiðist á aðrar fisktegundir, seljist þær ekki með tilsvarendi verði.
12. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Fái saltfisksútflýgjendur ekki kr. 2.30 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. fl., verðbætir ríkissjóður hann allt að því verði. Á aðrar fisktegundir greiðast verðbætur, svo að þær komist í tilsvarendi verð.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem hentast þykir eftir markaðshorfum.
13. Við 27. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Meðan vörur eru verðbættar samkvæmt 18. og 19. gr., má ekki hækka o. s. frv.
14. Við VII. kafla Fyrirsögnin orðist svo:

Um álagningu gjaldeyrisskatts.
15. Við 40. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1948 skal hver sá, er fær keyptan gjaldeyri hér á landi, greiða af honum 8% skatt til ríkissjóðs.
16. Við 41. gr. Greinin orðist svo:

Bankarnir skulu, um leið og þeir selja gjaldeyri, reikna út gjaldeyrisskattinn samkvæmt 40. gr. og veita honum móttöku fyrir hönd ríkissjóðs, og er þeim óheimilt að afhenda nokkurn gjaldeyri, nema gjaldeyrisskatturinn sé greiddur til þeirra.

17. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Tollyfirvöld skulu sannfæra sig um, að gjaldeyrisskattur sé greiddur af öllum vörum, áður en þau afgreiða þær úr tollskoðun, og reynist svo ekki vera (gjafavörur), skal áætla verð þeirra og viðtakandi greiða gjaldeyrisskattinn til tollyfirvaldanna.
18. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin ákveður nánar með reglugerð um innheimtu gjaldeyrisskattsins.
19. Við 44. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist eftir því.
20. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
Verð á vöru má hækka, sem nemur hálfum gjaldeyrisskatti, en óheimilt er að hækka vöruverð frekar vegna hans.
21. Við 47. gr. Greinin falli niður og breytist greinatala í samræmi við það.
22. Á eftir VII. kafla (48. gr.) komi nýr kafli, er heiti:
VIII. kafli. Um verðuppbætur og niðurgreiðslur á vöruverði.
23. Ný grein, er verði 49. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Tekjum þeim, er inn koma eftir VI. og VII. kafla laga þessara, skal fyrst og fremst verja til að verðbæta útfluttar vörur samkvæmt IV. kafla laga þessara og til þess að greiða niður verð á vörum.
24. Ný grein, er verði 50. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að greiða niður verð á einstöku vörutegundum, ef henni þykir ástæða til, og verja til þess fé úr ríkissjóði.
Ríkisstjórninni er og heimilt, ef henni þykir ástæða til eða fé er ekki fyrir hendi, að verðbæta útfluttar vörur, er verðbæta skal samkv. 18., 19. og 20. gr., svo, að verð þeirra verði lægra en það er tiltekið í 18., 19. og 20. gr., en vanta skal þá hlutfallslega jafnt á verð allra varanna.
25. Ný grein, er verði 51. gr. (sbr. þó breyting á tölu greina), orðist svo:
Gjaldi því, er inn kemur eftir II. kafla laga þessara, skal varið til að efla þær lánsstofnanir, er sérstaklega er ætlað að veita ódýr lán til framleiðslunnar, og skiptast milli þeirra, eftir því er Alþingi síðar ákveður.
26. VIII. kafli verði IX. kafli.